



# 559. fundur stjórnar SASS

## Fjarfundur haldinn

29. júní 2020, kl. 13:00 – 14:00

Pátttakendur: Eva Björk Harðardóttir formaður, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson og Grétar Ingi Erlendsson. Ari Björn Thorarensen boðaði forföll. Þá er á fundinum Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð 558. fundar staðfest.

### 2. Kynnisferð til Danmerkur

Fyrirhugað er að sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi fari í kynnisferð til Danmerkur í september n.k. en brottför er áætluð mánudaginn 21. og heimkoma fimmtudaginn 24. september n.k.

Í ljósi aðstæðna í samfélögunum vegna COVID-19 veirunnar hefur stjórn ákveðið að fresta ferðinni fram í ársbyrjun 2021.

### 3. Ráðstefnan Maturinn, jörðin og við

Fyrir fundinum liggur ósk frá Pétri Þór Jónassyni um að styrkja ráðstefnu sem haldinn verður í menningarhúsinu Hofi á Akureyri 21. - 22. október n.k.

Verkefnið tengist þremur heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna: nr. 9 um nýsköpun og uppbyggingu, nr. 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu og nr. 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Það tengist markmiðum byggðaáætlunar um að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt og að matvælaframleiðslu verði viðhaldið sem víðast um landið. Í aðgerðahluta byggðaáætlunar er tilgreint „Að efla nýsköpun og efla sóknarfæri í matvælaframleiðslu.“

Óskað er eftir styrk frá SASS að fjárhæð kr. 250.000.- Stjórn þakkar fyrir erindið en það er ekki hægt að verða við styrkbeiðninni.

### 4. Drög að skýrslu og tillögum starfshóps um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka

Drög að skýrslu og tillögum starfshóps um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka lögð fram til kynningar en umsagnarfrestur er til 21. ágúst n.k.

Afgreiðslu stjórnar frestað þar til á stjórnarfundi í ágúst n.k.



## 5. Stjórnarfundur og ársþing

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í vikunni eftir frídag verslunarmanna á Hótel Rangá, þ.e. fimmtudaginn 13. ágúst kl. 17:00.

Ársþing SASS verður haldið 29. – 30. október n.k.

## 6. Önnur mál til kynningar og umræðu

- Formaður segir frá sjötta sunnlenka samráðsfjarfundinum sem haldinn var 26. júní s.l. með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Auk fyrrgreindra tók stjórn SASS, bæjar- og sveitarstjórar á Suðurlandi, fulltrúar frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og rekstraraðilar hjúkrunarheimila í landshlutanum þátt á fundunum.

Í framhaldi af umræðum var ákveðið að uppfæra skýrsluna „Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi“ sem gefin var út í apríl 2015.

- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur stofnað starfshóp til að fara yfir stöðu verst settu sveitarfélaganna í landinu vegna COVID-19 veirunnar. Starfshópurinn skipa Hanna Dóra Másdóttir sérfræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sigurður Árnason sérfræðingur hjá Byggðastofnun og Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS. Þau fara yfir stöðuna í eftirtöldum fimm sveitarfélögum á Suðurlandi: Skaftárhreppi, Mýrdalshreppi, Sveitarfélaginu Hornafirði, Bláskógabyggð og Rangárþingi eystra. Starfshópurinn hefur þegar fundað með fulltrúum famangreindra sveitarfélaga. Tillögur að aðgerðum verða fram settar á næstu dögum.
- Kerfisáætlun Landsnets hefur verið birt á vef stofnunarinnar. Kynningarfundir verða haldnir á næstu dögum þar sem farið verður yfir áætlunina og hvað áform séu um að framkvæmdir á næstu árum. Opnað hefur verið fyrir samráðsferli og hægt er að skila inn umsögnum til 31. júlí n.k. Stjórn hvetur sveitastjórnir til að yfirfara áætlunina og skila inn umsögnum á samráðsgáttina.
- Heimavist við FSu. Farið yfir stöðu mála. Stjórn fagnar framtaki starfshópsins og ítrekar mikilvægi þess að hann fylgi málinu eftir.

Næstu fundur stjórnar verður haldinn 13. ágúst n.k.

Fundi slitið kl. 13:40.

Eva Björk Harðardóttir

Helgi Kjartansson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Björk Grétarsdóttir

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

Grétar Ingi Erlendsson

Friðrik Sigurbjörnsson